

REGLUGERÐ

um vörur sem heimilt er að selja í tollfrjálsum verslunum skv. 2. mgr. 104. gr. tollalaga nr. 88/2005.

1. gr.

Heimilt er að selja eftirtaldar vörur í tollfrjálsum verslunum skv. 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005:

1. Áfengi.
2. Tóbak.
3. Sælgæti.
4. Ilmvötn og snyrtivörur úr kafla 33 og vörulið nr. 3401 í tollskrá.
5. Geisladiska, segulbönd og aðra miðla með áteknu efni úr vörulið nr. 8524 í tollskrá, hvort sem er til endurskila á hljóði, mynd eða öðrum merkjum.
6. Leikföng.
7. Rafmagnstæki.
8. Talstöðvar, þ.m.t. farsímar, úr vörulið nr. 8525 í tollskrá.
9. Myndavélar úr vöruliðum nr. 9006 og 8525 í tollskrá.
10. Filmur úr vöruliðum nr. 3701 og 3702 í tollskrá.
11. Geisladiska, segulbönd, minniskort, minnislykla og aðra óátekna miðla úr vörulið nr. 8523 í tollskrá.
12. Rafhlöður úr vöruliðum nr. 8506 og 8507 í tollskrá.
13. Golfkúlur úr tollskránum nr. 8506.3200 í tollskrá.
14. Sokkabuxur og sokka úr vöruliðum nr. 6115 í tollskrá.
15. Fæðubótarefni.

2. gr.

Rísi ágreiningur um hvort selja megi tiltekna vöru í tollfrjálstri komuverslun, sbr. 1. gr., skal fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005, og með vísan til laga um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o. fl., nr. 106/1954, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 19. júlí 2006.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Lilja Sturludóttir.

Utanríkisráðuneytinu, 20. júlí 2006.

F. h. r.

Sigríður Snævarr.

Jón Egill Egilsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. júlí 2006